

ARÐSKRÁ

Veiðifélags Hallár

samþykkt á fundi félagsins þ. 25. mars 1978.

| | |
|-----------------------|--------|
| Bergstaðir | 7.3% |
| Bláland | 11.0% |
| Hafursstaðir | 8.5% |
| Kjalarland | 24.4% |
| Sæunnarstaðir ½ | 4.9% |
| Sæunnarstaðir ½ | 4.9% |
| Vakursstaðir | 7.3% |
| Vindhæli | 29.3% |
| Þverá | 2.4% |
| | <hr/> |
| | 100.0% |

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðueytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir

17. janúar 1979.

Nr. 93.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag um ána Hallá í Vindhælishreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hallár.
Heimili þess og varnarþing er í Vindhælishreppi A-Hún.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að ánni Hallá, en þær eru: Hafursstaðir, Kjalarland og Vindhæli á Skagaströnd, Bláland, Vakursstaðir, Sæunnarstaðir, Bergsstaðir og Þverá og teljast þær síðasttöldu í Hallárdal, og eru allar í eyði.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem þar til boðaður fundur ákveður hverju sinni. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, er vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.